



Stafir

lífeyrissjóður

Ársskýrsla
2007

Reykjavík, maí 2008





Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn og starfsmenn	6
Skipurit Stafa lífeyrissjóðs	7
Rekstur sjóðsins 2007	8
Iðgjöld	9
Aldursdreifing sjóðfélaga	10
Launagreiðendur	11
Efnahagur og afkoma	12
Gildi ávöxtunar	12
Úttekt á ávöxtun	13
Markaðir	14
Innlend skuldabréf	14
Innlend hlutabréf	15
Peningamarkaður og verðbólga	16
Gjaldeyrismarkaður	17
Erlendir verðbréfamarkaðir	18
Sjóðfélagalán	19
Fjárfestingarstefna	19
Lífeyrisgreiðslur	20
Eftirlaunalífeyrir	20
Örorkulífeyrir	21
Makalífeyrir	21
Barnalífeyrir	21
Séreignardeild	21
Tryggingafræðileg staða	22
Uppbótarsjóður	23
Áhættustýring	24
Markaðsáhættumat	24
Skuldbindingaráhætta	24
Rekstraráhætta	24
Mótaðilaáhætta	25
Ársreikningur 2007	27



Ávarp stjórnarformanns

Með sameiningu lífeyrissjóða sem standa að Stöfum var stefnt að því að ná fram hagræðingu bæði hvað varðar rekstur og fjárfestingar. Nú þegar sjóðurinn hefur lokið fyrsta heila starfsári sínu er ekki úr vegi að fara yfir hvernig til hefur tekist.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2007 var 84,5 milljónir króna og lækkaði um 37,3 milljónir króna eða um 31% frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum hefur því lækkað um rúmlega 2,3 prósentustig sl. 2 ár. Heildarkostnaður, þ.e.a.s. rekstrarkostnaður að viðbættum fjárfestingagjöldum, lækkaði um 32,9 milljónir króna frá fyrra ári eða um 17,8%. Hefur þá að fullu verið tekið tillit til sameiningarkostnaðar frá 2006. Á fyrsta heila starfsári sínu náðist því fram mikil hagræðing og reyndar mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir miðað við árslok 2007.

Í skýrslu um sameiningu sjóðanna kom fram að ekki væri hægt að fullyrða að stærrí sjóður næði hærri ávöxtun en lítill sjóður þegar til lengri tíma væri litið. Í bandarískri rannsókn frá 1997 kemur fram að fátt bendir til þess að ávöxtun hækki í réttu hlutfalli við stærð. Sambærileg athugun íslenskra sjóða sýnir að fátt bendir til þess að stærðin ein auki líkur á hærri ávöxtun. Við mat á áhrifum stærðar á vænta ávöxtun er mikilvægt að greina á milli ávöxtunar og ávöxtunar umfram viðmið. Í áður nefndri rannsókn mældist marktækur munur á sjóðum hvað ávöxtun umfram viðmið varðar. Stórir sjóðir eru líklegri til að ná árangri umfram viðmið en litlir. Hvað gæði stýringar varðar er talið að ávinningur náist með betri greiningarvinnu, áhættumati og bættum gæðum fjárfestingarákvarðana og stefnumótunar. Þótt erfitt sé að spá um áhrif sameiningar á ávöxtun sjóðanna gerði stýrihópur ráð fyrir að sameinaður sjóður geti vænst betri ávöxtunar umfram viðmið sem næmi allt að 20 bp. Sú spá er háð mikilli óvissu en nokkrir mikilvægir áhrifaþættir eru taldir auka líkurnar á hærri ávöxtun.

Ávöxtun einstakra eignaflokka er gerð frekari skil í umfjöllun í skýrslunni en það má þó nefna að ávöxtun innlendra hlutabréfa var um 9% til samanburðar við 0,4% hækkunar á vísitölu Kauphallar Íslands. Náðist þar að innleysa hagnað af hlutabréfum í sumar og þá var sjóðurinn ekki með stórar stöður í fjárfestingafélögum á borð við FL-Group og Exista sem hafa lækkað mikið síðustu mánuði.

Hollt er að hafa í huga þegar ákvarðanir eru teknar að rúmlega 51 þúsund einstaklingar eiga réttindi í sjóðnum. Við störfum í umboði þessa fólks. Í endurskoðunarskýrslu ytri endurskoðanda PWC kemur fram að þeir telja „rekstur Stafa vera til fyrirmyndar og skipulagið sem er viðhaft vera gott innlegg varðandi góða stjórnunarhætti“. Í skýrslu innri endurskoðanda Deloitte kemur fram að starfsmenn Deloitte „skynja mjög jákvætt viðhorf hjá stjórnendum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins til þess að hafa eftirlitsumhverfi skilvirkt og fara að lögum og reglum“. Vel hafi verið tekið í ábendingar að þeirra mati, athugasemdir almennt ekki alvarlegar og flestar með þeim hætti að auðvelt sé að bregðast við.



Haraldur H. Jónsson,
stjórnarformaður
Stafa lífeyrissjóðs.



Í sameiningarviðræðum sjóðanna var meðal annars kannað hvort mögulegt væri að hluti af 12 % iðgjaldi, sem greitt er í sameign vegna hvers sjóðfélaga, gæti runnið í séreign. Í ljós kom að tryggingafræðileg staða sjóðsins leyfði að minnsta kosti 2% gætu runnið í séreign og að 10 % dygðu vel til að uppfylla lágmarks-ákvæði laga um tryggingavernd. Ekki náðist samstaða um þessa breytingu í sameiningarviðræðunum en ég tel eðlilegt, ef vilji er til þess meðal sjóðfélaga, að kanna málið frekar.

Endurskoðunarskýrslurnar, sem vitnað er til hér á undan, gefa okkur stjórnarmönnum tilefni til að ætla að starfsmenn leggi sig sérstaklega fram við að uppfylla þær kröfur sem lög og reglugerðir kveða á. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsmönnum sjóðsins fyrir vel unnin störf.

Haraldur H. Jónsson, stjórnarformaður Stafa lífeyrissjóðs.



Stjórn og starfsmenn

Samkvæmt samþykktum skal stjórn sjóðsins skal skipuð að jöfnu sex fulltrúum sjóðfélaga (launþega) og samtaka atvinnurekenda. Skulu þrír kjörnir af sjóðfélögum og þrír af samtökum atvinnurekenda. Þá skulu jafnmargir varamenn kjörnir með sama hætti. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Einn fulltrúi í stjórn skal tilnefndur að höfðu samráði við Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og einn skal koma úr röðum aðildarfyrirtækja sjóðsins. Sama gildir um varamenn.

Á árinu 2007 voru haldnir, auk ársfundar, 12 stjórnarfundir hjá Stöfum. Stefnumótun, breytingar á samþykktum, verklagsreglur, útlán sjóðsins, fjárfestingarstefna, verðbréfavíðskipti og kynningarmál var meðal þess efnis sem rætt var á stjórnarfundum. Stjórn Stafa var þannig skipuð:

Aðalmenn:

Haraldur H. Jónsson formaður, Guðsteinn Einarsson varaformaður,
Arnbjörn Óskarsson, Erna Hauksdóttir, Niels S. Olgeirsson, Sigurður Sigfússon.

Varamenn:

Andri Jóhannesson, Guðjón Stefánsson, Guðmundur Gunnarsson,
Sigurður Harðarson, Steingrímur Birgisson, Úlfar Reynisson.

Rekstur lífeyrissjóða er flókin og síbreytilegur þar sem kröfur á hendur sjóðunum um skýrsluskil aukast með hverju ári og fjárfestingarumhverfið verður sífellt flóknara. Þessi þróun kallar á hæft og vel menntað starfsfólk og geta Stafir státað af starfsfólki sem uppfyllir hvort tveggja. Hjá sjóðnum starfa nú 10 manns.

Starfsmenn:


Anna María Hannesdóttir innheimtufulltrúi, Ásta Kristjónsdóttir iðgjaldaskráning,
Harpa Magnadóttir bókarí, Heiða Friðjónsdóttir lífeyrismál,
Jóna G. Ólafsdóttir aðalbókarí, Karen Emilsdóttir sjóðfélagalán,
Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Skúli Skúlason fjármálastjóri,
Svava G. Sverrisdóttir, sjóðstjóri, Viktor Guðmundsson skrifstofustjóri.



Skipurit Stafa lífeyrissjóðs

Á stjórnarfundum 30. janúar 2007 var samþykkt skipurit fyrir Stafi lífeyrissjóð. Samkvæmt því er starfsemi skipt í þrjú meginvið: iðgjaldasvið, fjárfestingasvið og lífeyrissvið. Skiptingin er í samræmi við 1. málsgrein 20. greinar laga um lífeyrissjóði um skilgreiningu á starfsemi lífeyrissjóða. Þar segir að „Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris.“


Starfsreglur stjórnar Stafa voru samþykktar á stjórnarfundum 20. júlí 2006 og endurskoðaðar 28. ágúst 2007. Samkvæmt 4. tölulið 3. málsgreinar 29. greinar laga um lífeyrissjóði hefur stjórn sett reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar varðandi rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins. Starfslýsingar eru hluti skipulagsins og hafa verið skrifaðar fyrir alla starfsmenn. Starfslýsingar hafa verið aðgreindar ráðningarsamningum og er vísað í þær í ráðningarsamningum. Fyrir þá þætti starfseminnar, sem hafa verið útvistaðir, hafa verið gerðir samningar þar sem ábyrgð er skilgreind.





Rekstur sjóðsins 2007

Kostnaðarhlutfall



Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2007 var 84,5 milljónir króna og lækkaði um 36,4 milljónir króna frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður árið 2007, sem hlutfall af eignum, var 0,10% samanborið við 0,14% árið áður. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,01% samanborið við 3,60% árið áður.

Ef litið er til rekstrarkostnaðar sjóða af svipaðri stærð sést að hlutfallslegur rekstrarkostnaður Stafa var svipaður og kostnaður annarra sjóða. Almennt er gert ráð fyrir því að hlutfallslegur rekstrarkostnaður lækki eftir því sem lífeyrissjóðir stækki. Sýnt hefur verið fram á að enginn annar mælikvarði hefur eins mikla fylgni við kostnaðarhlutfallið og stærð lífeyrissjóða.

Enn er unnið að lækkun fjárfestingarkostnaðar. Eignir sjóðsins eru samsettar af eignum tveggja lífeyrissjóða er sameinuðust í Stafi lífeyrissjóði. Eignir eru því dreifðari en ef væru fjárfestingar eins sjóðs. Með stækkun eininga má auka eftirfylgni og lækka fjárfestingarkostnað.

Þegar litið er til rekstrarkostnaðar Stafa upp á 0,10% af eignum er ljóst að sjóðurinn er kominn í fremstu röð hvað rekstrarhagkvæmni varðar. Við samanburð sjóða ber að hafa í huga að fjárfestingakostnaður sjóða, sem útvista allri eignastýringu, kemur oft á tíðum ekki fram sem kostnaður í ársreikningum heldur sem lækkun á ávöxtun.



Iðgjöld

Lágmarksiðgjald til sjóðsins skal vera í samræmi við 2. grein laga nr. 129/1997 eða hærra kveði samningar á um slíkt. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig að launþegi greiðir 4% af iðgjaldsstofni hið minnsta og launagreiðandi að lágmarki 8%. Ýmsir samningar þeirra sem eiga aðild að sjóðnum kveða á um hærra framlag.

Öllum launamönnum ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 ára aldri til sjötugs. Aðild að Stöfum lífeyrissjóði er þrískipt og byggist samkvæmt samþykktum á fyrirtækjaaðild, stéttarfélagsaðild og frjálsri aðild. Launamenn sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum, og/eða byggja starfskjör sín á kjarasamningum stéttarféлага, eru aðilar að sjóðnum. Þeim sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum, er heimil aðild að honum.

Að baki er 69 ára samfelld saga lífeyrissjóða sem mynda Stafi lífeyrissjóð þar sem 51.115 einstaklingar eiga réttindi.


Á árinu 2007 greiddu 10.041 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa, svipaður fjöldi og á fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, var 7.316 og stendur í stað miðað við fyrra ár. Á árinu 2007 námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins 4.012 milljónum króna sem er hækkun um 19,4% frá fyrra ári.

Á árinu 2007 greiddu 2.638 einstaklingar iðgjald til séreignardeildar Stafa og fækkar þeim um 50% frá fyrra ári. Fjöldi virkra sjóðfélaga í séreignardeild var 1.699 og fækkar um 46%. Meginskýringin er samþykktarbreyting sem gerð var við sameiningu sjóðanna. Á árinu 2007 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 217 milljónum króna, sem er 28% lækkun frá fyrra ári.


Sjóðfélagar bera ríka ábyrgð á lífeyrisiðgjöldum sem tilheyra þeim. Tvisvar á ári eru send út yfirlit og bera sjóðfélagar ábyrgð á að bera þau saman við launaseðla og ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem koma fram á þeim séu réttar. Komi í ljós að eitthvað beri í milli, og iðgjöld hafi ekki skilað sér, þurfa þeir að skila inn launaseðlum þar sem fram kemur afdregið iðgjald. Þetta ber að gera innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits svo réttindi glatist ekki. Brýnt er að sjóðfélagar sinni skyldum sínum í þessu efni því ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess sjóðfélagar geti treyst því að fá þann lífeyri sem þeir hafa unnið sér inn með greiðslum í sjóðinn. Ábyrgðasjóður launa kemur til skjalanna í þeim tilvikum þegar fyrirtæki verða gjaldþrota og þau geta ekki staðið skil á þeim iðgjöldum sem af sjóðfélögum hafa verið dregin. Í lögum um Ábyrgðasjóðinn frá 2003 er lýst skilyrðum sem þarf að uppfylla til að vangreidd iðgjöld njóti ábyrgðar hans.

Það er ekki eingöngu til að þjóna launagreiðendum sem rafrænn aðgangur að upplýsingum hefur verið eflur heldur geta sjóðfélagar sjálfir fylgst með stöðu sinni á netinu í gegnum heimasíðu sjóðsins, www.stafir.is. Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn geta allir sjóðfélagar séð hvort skilagreinar og greiðslur hafi borist sjóðnum og þannig veitt bæði launagreiðanda og sjóðnum aðhald. Einnig er hægt að fylgjast á sama hátt með ávöxtun séreignarsparnaðar og stöðu lána sem viðkomandi hefur tekið hjá sjóðnum.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



Fjöldi virkra sjóðfélaga







Aldursdreifing sjóðfélaga

Aldurspíramídi er myndræn framsetning á aldursdreifingu þjóða eða hópa og dregur nafn sitt af því að oftast mynda slíkar myndir nokkurs konar píramída. Þegar aldursdreifingu þjóða er lýst eru slíkar myndir samkvæmt venju settar fram sem stöplur á lóðréttum ás. Karlar eru venjulega hafðir vinstra megin við y – ásin og konur hægra megin og fimm ára aldursbil sett fram sem hlutfall af heild. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig aldursdreifing Íslendinga var árið 2000. Myndin sýnir glögglega að íslenska þjóðin er ung, þar sem um 23% af þjóðinni er yngri en 15 ára og aðeins rúm 11% er eldri en 65 ára. Þetta er ein ástæðan fyrir því að íslenska lífeyriskerfið vex eins hratt og raun ber vitni um.

Aldursdreifing Íslendinga eftir kyni árið 2000



Aldursdreifing sjóðfélaga eftir kyni árið 2007





Á myndinni hér fyrir framan má sjá hvernig hlutfallsleg kynja- og aldursskipting sjóðfélaga Stafa er frábrugðin íslensku þjóðinni. Sjóðfélagar Stafa eru sýndir með bláum og rauðum súlum, en þjóðin með ljósgráum súlum. Sjóðfélagar Stafa lífeyrissjóðs mynda hóp sem er um margt mjög ólíkur íslensku þjóðinni þar sem hann samanstendur að stórum hluta af körlum. Lýðfræði sjóðsins stuðlar að því að réttindaávinnsla er með því besta sem gerist meðal lífeyrisjóða á Íslandi.

Launagreiðendur


Stafir lífeyrissjóður er ólíkur öðrum lífeyrissjóðum að því leyti að hann er að hluta til fyrirtækjasjóður sem stofnaður var árið 1939. Aðild að sjóðnum eiga fyrirtæki og einstaklingar sem áttu skyldu aðild að Samvinnulífeyrissjóðnum samkvæmt lögum, samþykktum og kjarasamningum við stofnun Samtaka atvinnulífsins 15. september 1999. Að auki eiga aðild að sjóðnum Samband atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði og Samtök ferðaþjónustunnar.

Langflest þeirra fyrirtækja sem greiða til Stafa standa í skilum og leitast sjóðurinn við að sýna festu við innheimtu á iðgjöldum enda sýnir sagan að mjög lítið af iðgjöldum tapast. Sjóðurinn tekur lögbundna innheimtuskyldu mjög alvarlega enda mynda iðgjöldin rétt sjóðfélaga til lífeyris. Samkvæmt innheimtuleglum sjóðsins eru send ítrekunarbréf í hverjum mánuði til þeirra launagreiðanda sem ekki hafa greitt iðgjöld á eindaga og eftir þriggja mánaða vanskil eru kröfur sendar í lögfræðinnheimtu.

Tvisvar á ári fá launagreiðendur send yfirlit allra hreyfinga sinna í bókum sjóðsins. Sjóðurinn hefur leitast við að bæta þjónustuna við launagreiðendur með launagreiðendavef þar sem þeim gefst færi á að senda skilagreinar inn rafrænt, jafnvel beint úr bókhaldskerfum sínum, skoða stöðu, hreyfingar og innborganir sem hafa borist. Færast sífellt í vöxt að fyrirtæki nýti sér þessa rafrænu þjónustu.

Á árinu 2007 greiddu 1.778 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Samskip er stærsti launagreiðandinn og greiðir 5,2% af iðgjöldum sjóðsins. Hér til hliðar má sjá dreifingu 20 stærstu launagreiðenda til sjóðsins. Með sameiningu sjóðanna hefur atvinnugreinadreifing aukist til muna og þar með áhættudreifing sem gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að mæta hugsanlegum samdrætti í einstökum atvinnugreinum.

Atvinnugreinar




20 stærstu greiðendur til sjóðsins

1. Samskip hf.
2. Ríkissjóður
3. N1
4. Síminn
5. Rarik ohf.
6. Samkaup hf.
7. Orkuveita Reykjavíkur
8. Kaupfélag Skagfirðinga
9. Míla ehf.
10. Nýherji hf.
11. Rafmiðlun hf.
12. Mjólkursamsalan
13. Bechtel International
14. EJS ehf.
15. Landsnet hf.
16. Marel Food
17. Securitas hf.
18. Landsvirkjun
19. Kaupás
20. Vátryggingafélag Íslands hf.



Efnahagur og afkoma

Hrein eign til greiðslu lífeyris



Starfsemi sjóðsins á árinu 2007 fólst í rekstri sameignardeildar og séreignardeildar sem taka við iðgjöldum í samræmi við skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris nam 78.664 milljónum króna en var 71.525 milljónum króna árið áður, sem er 10,0% aukning. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 3.487 milljónum króna en var 3.185 milljónir króna árið áður, sem er 9,5% aukning.

Á liðnu ári var alls 40.215 milljónum króna ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins en 18.034 milljónum króna árið 2006.

Sjóðfélögum voru lánaðar 1.199 milljónir króna og keypt voru markaðsskuldabréf fyrir 5.980 milljónir króna. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 5.592 milljón króna. Kaup á öðrum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum námu 1.642 milljón króna. Keypt voru innlend hlutabréf á síðasta ári að fjárhæð 17.498 milljónir króna og seld fyrir 18.468 milljónir króna. Á liðnu ári fjárfesti sjóðurinn í erlendum verðbréfum fyrir 10.770 milljónir króna. Seld voru erlend verðbréf fyrir 4.798 milljónir króna.

Gildi ávöxtunar

Einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi Stafa lífeyrissjóðs er að tryggja viðunandi ávöxtun eigna. Varanleg viðbótarávöxtun upp á 0,10% umfram reikniforsendur geta staðið undir 3% hækkun á eftirlaunalífeyrisgreiðslum. Sú staðreynd að um 70% af framtíðarlífeyrisgreiðslum byggjast á ávöxtun eigna en 30% á reglulegum iðgjöldum sýnir glögg tve mikilvæg góð ávöxtun er. Til að sjóðir geti tryggt sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri, eins og fram kemur í samþykktum, er góð ávöxtun lykilatriði. Hún er einnig nauðsynleg til að miðla trausti og öryggi, sem skiptir svo miklu máli, ekki síst í umhverfi vaxandi samkeppni og samanburðar á sjóðum. Með sameiningu sjóðanna var gert ráð fyrir að sameinaður sjóður gæti vænst betri ávöxtunar til lengri tíma litið. Hvað gæði fjárfestingar varðar var talið að ávinningur fengist með betri greiningarvinnu, áhættumati og bættum gæðum fjárfestingarákvarðana og stefnumótunar. Hópvinnu sérfræðinga sem geta borið saman bækur sínar, rökrætt og prófað kenningar og greiningar dregur úr hættu á mistökum og minnkar líkur á að fjárfestingartækifæri gangi sjóðnum úr greipum.

Fjárfestingaráð

Í framhaldi af því sem hér hefur verið lýst var fjárfestingaráð myndað og starfaði það allt síðasta ár. Markmið þess er að stuðla að faglegum og vönduðum vinnubrögðum við framkvæmd fjárfestingarstefnu. Fjárfestingaráð er skipað framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og öðrum starfsmönnum sem framkvæmdastjóri velur í ráðið. Fjárfestingaráðið kom að jafnaði saman fjórum til fimm sinnum á mánuði á árinu 2007. Verkefni þess voru að aðstoða stjórn við mótun fjárfestingarstefnu, að leggja mat á virði og vænta ávöxtun eignaflokka á hverjum tíma og áhættu sjóðsins sem felst í eignarhaldinu. Þá var eftirlit með einstaka fjárfestingum aukið og sannreynt að fjárfestingarstefnu sjóðsins hefði verið fylgt eftir á hverjum tíma.



Úttekt á ávöxtun

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun skal fylgja með ársreikningum lífeyrissjóða úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Úttektin skal að lágmarki sýna ávöxtun þeirra eignasafna sem fram koma í sérstöku fylgiskjali II í reglum.

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna skv. reglum FME nr. 966/2001

EIGNAFLOKKAR	Nafn ávöxtun	Raun ávöxtun	Viðmið	*
Innlán í bönkum og sparisjóðum	15,37%	8,98%	13,62%	1
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	8,00%	2,10%	4,92%	2
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	11,30%	5,20%	4,92%	2
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnanna	10,20%	4,20%	4,92%	2
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12,30%	6,00%	5,48%	3
Hlutabréf	5,50%	-0,30%	-2,66%	4
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,40%	-5,90%	-5,89%	5
Önnur verðbréf	5,60%	-0,40%	4,20%	5
Samtals	6,8	0,9		

* Viðmið


1. Meðal stýrivextir 2007
2. 10 ára verðtr. vísitala OMX, raunávöxtun
3. Vextir sjóðfélagaþreifa
4. Icxex-main / Morgan Stanley heimsvísitala
5. Heimsvísitala Morgan Stanley + ISK

Við mat á árangri af virkri eignastýringu skuldabréfa sjóðsins er miðað við markaðsverð verðbréfa en ekki hefðbundið bókhaldsuppgjör þar sem skuldabréf eru gerð upp á kaupávöxtunarkröfu (bókhaldsverð).


Útreikningar á ávöxtun eru samkvæmt viðauka III í reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Nafnávöxtun allra eigna sjóðsins var 6,8% en hrein raunávöxtun, eftir frádrátt fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar, nam 0,9% á árinu en var 9,0% árið 2006. Má helst leita skýringa á innlendum hlutabréfamarkaði en þó kemur fleira til. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 9,1% en 6,1% ef litið er til síðustu tíu ára. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun beggja sjóða lögð til grundvallar. Ávöxtun einstakra eignaflokka er gerð frekari skil í umfjöllun hér á eftir.

Nafnávöxtun



Raunávöxtun





Markaðir

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði er allur lífeyrir verðtryggður og skal breytast til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Við núvörðisreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skal nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Með öðrum orðum, raunávöxtun lífeyrissjóða þarf að jafnaði að vera 3,5% að lágmarki til að jafnvægi ríki milli eigna og skulda. Þessi lágmarksávöxtun er ákveðin af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga með hliðsjón afávöxtun af mjög öruggum skuldabréfum í langan tíma.

Stafir fjárfesta í nokkrum eignaflokkum sem raðað er niður eftir einkennum þeirra. Eignaflokkar sem koma til álita þurfa að hafa nægilega stærð, seljanleika og hagkvæmni til að réttlætjanlegt sé að sjóðurinn fjárfesti verulegan hluta eigna í viðkomandi flokki. Fullnægjandi gögn verða að liggja fyrir, saga og kunnátta til að meta nýtileika eða gæði eignaflokksins fyrir sjóðinn út frá mælanlegum árangri. Ennfremur verður að vera unnt að meta vænta arðsemi, áhættu og fylgni við aðra flokka fjárfestinga. Ákvarðanir um ráðstöfun í eignaflokka eru teknar af fjárfestingarráði og taka ávallt mið af þeim ramma sem sjóðnum eru settar í fjárfestingarstefnu hans. Það er mjög mikilvægt að hafa gildi langtímafjárfestingarstefnu að leiðarljósi en rannsóknir hafa sýnt að rekja má stærstan hluta árangurs viðávöxtun til ákvarðana tengdum eignaráðstöfun. Við mat á eignaflokkum hjá Stöfum er sérstaklega horft til þess að réttindi eru verðtryggð og að lágmarksávöxtun er 3,5%.

Markmið Stafa með fjárfestingum er ekki einungis að viðhalda núverandi réttindum heldur auka þau eins og kostur er, að teknu tilliti til áhættu. Fjárfest er á innlendum skuldabréfa- og peningamarkaði til að tryggja stöðugleika í eignasafninu. Fjárfest er í innlendum hlutabréfum, sem hafa gefið góðaávöxtun undanfarin ár, og í erlendum hlutabréfum til að dreifa áhættu. Auk hefðbundinna eigna hefur sjóðurinn í auknum mæli fjárfest í óhefðbundnum eignaflokkum með það að markmiði að dreifa áhættu og ná hærríávöxtun.

Innlend skuldabréf

Óhætt er að segja að verðtryggð skuldabréf hafi átt tiltölulega erfitt uppdráttar á árinu 2007. Ávöxtunarkrafa bréfanna sveiflaðist á þróngu bili fyrri hluta árs en tók svo að hækka verulega á haustmánuðum. Náði hún hámarki í nóvember og desember erávöxtunarkrafa lengsta flokksins fór upp 5,30%. Gerðist það í kjölfar hækkunar stýrivaxta í byrjun nóvember en sú hækkun kom eilítið á óvart á markaði. Krafan lækkaði svo nokkuð skarpt síðustu daga ársins og endaði undir 4,9% á fyrrnefndum bréfum. Stýrivextir hafa haldist háir lengur en flestir spáðu fyrir árið 2007 og í ljósi þess kemur þróun á skuldabréfamarkaði ekki á óvart. Þó má segja að krafa verðtryggðra bréfa hafi hækkað nokkuð meira en almennt var vænst. Sama gildi um óverðtryggð bréf á árinu enávöxtunarkrafa þeirra hækkaði samhliða hækkandi stýrivöxtum. Engan skyldi undra þróun á skuldabréfamarkaði þar sem meðalstýrivextir voru yfir 13,3% en það jafngildir raunstýrivöxtum upp á 7,2%. Má segja að peningastefna Seðlabanka hafi farið að bíta af alvöru á haustmánuðum. Bæði komu þar til háir skammtímavextir sem leiddu að endingu til hækkunar vaxta á lengri enda vaxtarófsins, sem og mikil lausafjárþurrð á alþjóðamarkaði.

Hér á Íslandi höfum við búið við niðurrhallandi vaxtaferla síðustu ár. Er það eðlilegt í ljósi þess hve vaxtastig er hátt hér á landi en niðurrhallandi ferill bendir til að þess sé vænst að vextir verði lægri í framtíðinni. Þetta er byggt á svokallaðri væntingakenningu. Ferillinn var mjög brattur allt síðasta ár. Endurspeglar það óhagkvæmni þess að eiga stutt skuldabréf þegar skammtímavextir eru jafn háir og



raun ber vitni, þ.e. fjárfestar gera háa ávöxtunarkröfu til bréfanna. Á sama tíma má segja að viðbrögð við peningastefnu Seðlabankans hafi komið mjög seint fram í lengri enda ferilsins. Það gerist þrátt fyrir að framboð af bréfum á lengsta enda ferilsins sé mun meira en á styttri endanum. Að öllum líkindum má rekja það til þess að líffeyrissjóðir eru stærstu kaupendurnir að skuldabréfum hérlendis um þessar mundir. Eftirspurn þeirra beinist einkum að löngum, verðtryggðum bréfum en þau bréf henta vel í eignasafn þeirra vegna verðtryggðra skuldbindinga. Þannig má ætla að þrátt fyrir að framboð bréfa sé mest á lengsta enda verðtryggða vaxtarófsins sé það ekki nægilegt til að mæta eftirspurn fjárfesta á markaði og hindri hækkun ávöxtunarkröfu á þeim enda ferilsins. Er þetta í samræmi við kenningu um skiptingu markaðar en hún á að mörgu leyti vel við íslenskan skuldabréfamarkað.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa hefur sveiflast töluvert á árinu en hún hefur lækkað verulega frá áramótum. Merkja má að gengi íslensku krónunnar hefur mikil áhrif á hvernig hún hreyfist um þessar mundir. Grundvallaratriði fyrir skuldabréfamarkað er hvenær vextir taka að lækka að nýju á Íslandi. Vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefur seinkað töluvert frá því sem búist var við í upphafi síðasta árs. Kemur það til vegna mikillar og langvarandi þenslu í hagkerfinu. Samhliða vaxtalækkunin má búast við lakkandi ávöxtunarkröfu á markaði. Þó fer það mikið eftir því hvernig ávöxtunarkrafan þróast með sterkari krónu. Verði raunin sú að ávöxtunarkrafa hækki ekki mikið, samhliða væntri styrkingu krónunnar, má búast við að áhrifa vegna vaxtalækkunar gæti minna en ella. Við þær aðstæður sem ríkt hafa á skuldabréfamarkaði er tækifæri fyrir sjóðinn til að fjárfesta í löngum, verðtryggðum ríkisskuldabréfum á hagstæðu verði. Þannig er hægt að tryggja örugga ávöxtun töluvert yfir þeirri lágmarksraunávöxtun sem sjóðurinn þarf að ná, sem er 3,5%.


Innlend hlutabréf

Hlutabréfamarkaður á Íslandi er alltaf að þróast. Velta hlutabréfa hefur verið stigvaxandi undanfarin ár og var árið 2007 engin undantekning hvað það varðar. Nam veltan rúmum 2.600 mö.kr. og er það rúmlega 30% aukning frá fyrra ári. Félögum hefur farið heldur fækkandi síðustu ár en þó var eitthvað um nýskráningar í Kauphöllina á síðasta ári. Voru það einkum erlend félög en eitt íslenskt félag, SRPON, var skráð. Eitt af stærstu félögum í Kauphöll, Actavis, var afskráð í júlí en auk þess var Mosaic Fashions tekið af markaði.

Ársins 2007 mun eflaust verða minnst fyrir miklar sveiflur á innlendum hlutabréfamarkaði. Fullyrða má að mikillar bjartsýni hafi gætt allan fyrri hluta árs, allt fram í júlí þegar úrvalsvísitalan náði hámarki sínu rétt yfir 9.000 stigum. Það jafngildir rétt rúmlega 40% hækkun frá upphafi árs. Upp úr því tók að halla undir fæti og verð innlendra hlutabréfa lækkaði hratt, ekki sist á haustmánuðum og til loka árs. Hafði vísitalan lækkað um rúmlega 1% á árinu þegar því lauk. Ekki er hægt að segja að þessi þróun sé í takti við spá fjárfestingarráðs Stafa en við vorum nokkuð bjartsýn á innlendan hlutabréfamarkað fyrir árið.

Þessa þróun má að miklu leyti rekja til niðursveiflu á alþjóðamörkuðum. Hún er tilkomin vegna lausafjárkreppu sem myndaðist í kjölfar erfiðleika erlendra banka í tengslum við undirmáslán (*subprime*) en þeir hafa tapað gríðarlegum fjárhæðum á slíkum lánum. Áhrif þessa komu fyrst og fremst fram í mikilli hækkun á skuldtryggingarálagi banka sem þýðir að fjármögnun þeirra verður dýrari. Sú mikla dýfa, sem innlendir hlutabréfamarkaður tók á skömmum tíma, skýrist einnig að einhverju leyti af því hversu mikil skuldsetning var í tengslum við hlutabréfafjárfestingar. Það að verð hlutabréfa tók að lækka vegna alþjóðlegra skilyrða leiddi aftur til þess að tryggingar bak við einstakar hlutabréfafjárfestingar minnkuðu og því

Verðtryggði vaxtaferillinn 2007





var kallað eftir meiri tryggingum. Í mörgum tilfellum reyndist ekki unnt að bæta við þær og því var undirliggjandi hlutabréfastaða seld. Verð hlutabréfa banka og fjárfestingafélaga lækkaði mest en minni hreyfing var á verði rekstrarfélaga.

Áhrif erlendra hlutabréfamarkaða hafa aukist mjög mikið með þeirri miklu útrás sem hefur átt sér stað hérlendis undanfarin ár. Sá öri vöxtur, sem hefur einkennt innlendan hlutabréfamarkað, hefur að miklum hluta orðið í gegnum hana. Það að íslensk fyrirtæki nýti sér tækifæri á erlendum mörkuðum hefur í för með sér aukin tengsl við markaði erlendis. Það aftur leiðir til þess að innlendum hlutabréfamarkaður er mun viðkvæmari fyrir því sem gerist á alþjóðamörkuðum. Þetta má glöggst sjá á því sem hefur gerst hér undanfarna mánuði. Útrásin hefur einkum átt sér stað í fjármálagæiranum, þ.e. gegnum banka og fjárfestingafélög. Að sama skapi eru það hlutafélögin sem fara verst út úr niðursveiflu hérlendis, líkt og gerst hefur á alþjóðlegum mörkuðum.

Ljóst er að verð hlutabréfa hefur fallið mikið, sem að einhverju leyti má rekja til verðleiðréttingar eftir mikla hækkun á fyrri hluta ársins. Verðlagning margra hlutafélaga felur í sér kaupþækifæri með batnandi aðstæðum á markaði. Að framansögðu má sjá að þróun á alþjóðamörkuðum kemur til með að hafa mikil áhrif á hvað gerist hérlendis á komandi mánuðum. Fyrst og fremst er horft til þess hvernig skuldaraálag á banka hérlendis þróast. Þrátt fyrir mikinn mótbyr teljum við að íslenskt efnahagslíf byggist á traustum grunni og það muni skila sér inn í verð hlutabréfa til lengri tíma litið.

Úrvalsvísitala hlutabréfa



Peningamarkaður og verðbólga

Barátta Seðlabankans við verðbólgu hélt áfram á síðasta ári. Seðlabankinn hækkaði þó vexti einungis einu sinni á árinu, í 13,75% í nóvember, og kom sú ákvörðun töluvert á óvart. Í kjölfarið hækkaði ávöxtunarkrafa allra skuldabréfa á markaði og svo virtist sem peningastefnan væri farin að bita fyrir alvöru. Fleira kom þó til. Á sama tíma ágerðist fjármálaóstöðugleiki í kjölfar lausafjárkreppu á alþjóðamörkuðum, skuldtryggingarálag banka hækkaði mikið og bandar og fjármálastofnanir lokuðu mikið til á útlán. Niðurstaðan var 5,8% verðbólga árið 2007 sem er langt yfir markmiði Seðlabankans og jafnframt töluvert yfir þolmörkum sem sett eru. Er það raunin þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda til að draga úr verðbólgu með lækkun tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts á matvælum. Án þeirra aðgerða mældist verðbólgan 7,7% á síðasta ári.

Minnkandi útlán fjármálakerfisins eru Seðlabankanum hagstæð í baráttunni við verðbólgu auk þess sem stöðnunar er farið að gæta á fasteignamarkaði. Þróun gengis krónunnar ræður miklu um aðgerðir Seðlabankans á næstunni en snarpt gengisfall hennar kom bankanum í opna skjöldu. Í framhaldi af því hefur Seðla-



bankinn endurskoðað verðbólgu- og stýrivaxtasþá sína. Í Peningamálum frá því í apríl kemur fram að verðbólguhorfur hafa versnað verulega en þar gerir bankinn ráð fyrir að verðbólgan nái hámarki sínu í tæplega 11% á þriðja ársfjórðungi 2008. Hins vegar lítur út fyrir að áhrifa gengislækkunar gæti hraðar en bankinn spáði og það er allt eins útlit fyrir að verðbólgan nái hámarki sínu á öðrum ársfjórðungi en hún er 11,8% þegar þetta er skrifað. Þetta er töluvert meiri verðbólga en fjárfestingarráð gerði ráð fyrir í upphafi árs en spá fjárfestingarráðs hefur verið endurskoðuð til hækkunar og er gert ráð fyrir talsverðri verðbólgu á árinu en þó þannig að kúfurinn verði mestur fyrri hluta árs en svo fari að draga úr verðbólgu seinni hluta árs. Seðlabankinn hefur brugðist við versnandi verðbólguhorfum með tveimur vaxtahækkunum á þessu ári en samkvæmt spá bankans munu stýrivextir ná hámarki í 16,25% og verða það fram að lokum þessa árs. Gert er ráð fyrir að vextir taki að lækka smám saman eftir það.

Gjaldeyrismarkaður

Gjaldeyrismarkaður hefur breyst mikið síðustu ár. Þróunin hefur verið í þá átt að draga verulega úr áhrifum innlendra þátta eins og fiskveiða eða annarra innlendra atvinnugreina. Einnig hafa augu alþjóðlegra áhættufjárfesta beinst að myntinni með langvarandi háu vaxtastigi. Umfang svonefndra vaxtamunarviðskipta er af þeirri stærðargráðu að þau stýra gengi krónunnar að stórum hluta. Þannig hreyfist gengi hennar nú í takt við aðrar hávaxtamyntir og skipta áhættusækni og aðstæður á alþjóðamörkuðum miklu máli fyrir gengi hennar.

Mikil umræða á sér stað um stöðu krónunnar um þessar mundir. Er það ekki að undra þar sem áhrif hennar teygja sig víða og flökt á gengi krónunnar hefur farið vaxandi og mátti sjá merki þess á gjaldeyrismarkaði á síðasta ári. Gengisvísitalan stóð í 127,9 í upphafi árs en var 120,9 í lok þess. Tölurnar gefa þó ekki rétta mynd því óhætt er að segja að töluverðar sveiflur hafi verið á genginu innan ársins. Árið hófst með styrkingarferli sem stóð allt fram á seinni hluta sumars en gildi vísitöluunnar fór lægst í 110,7 í lok júlí. Það sem eftir lifði árs jókst flökt á gengi krónunnar verulega þar sem gildi vísitöluunnar fóru allt frá tæplega 114 upp í rúmlega 126. Niðurstaðan á árinu 2007 var 5,5% veiking á nafngengi. Í raun kemur veiking krónunnar árið 2007 ekki mikið á óvart þar sem það hefur verið töluverður þrýstingur á myntina um tíma, ekki síst vegna mikils og langvarandi viðskiptahalla. Það kom frekar á óvart hve lítil veikingin var en undirliggjandi þrýstingur kom að einhverju leyti fram í sveiflum á genginu.

Gengi krónunnar hélt í raun hærra en menn áttu von á. Þegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hófust var fyrirséð að gengi krónunnar myndi styrkjast samhliða þeim. Eitt af því sem hefur jafnframt stutt við gengi krónunnar er ný tegund skuldabréfa sem kom fram árið 2006. Það eru svokölluð jöklabréf, erlend skuldabréf í íslenskum krónum. Með fjárfestingu í þeim hafa erlendir fjárfestar verið að nýta sér háa vexti á Íslandi og er þetta sambærilegt við það sem hefur gerst í öðrum hávaxtalöndum. Útgáfa jöklabréfanna er mjög stór í samanburði við íslenskt hagkerfi eða um 27% af vergri landsframleiðslu. Ljóst er að útgáfa þessarra bréfa hefur ennfremur valdið því að gengið hefur haldist hátt lengur en ella. Sökum veikingar krónunnar er tap af mörgum þessara bréfa og því eru margir smeykir við hvað gerist nú þegar mikill viðsnúningur hefur orðið í viðhorfi til jöklabréfanna og í tengslum við minnkandi áhættusækni fjárfesta. Enn sem komið er hefur ekki komið til þess þar sem útgáfur sem hafa verið á gjalddaga hafa verið endurfjármagnaðar og gott betur. Það má þó fastlega búast við því að það dragi úr því, ekki síst nú þegar krónan hefur veikst mjög skarpt og vaxtamunur er lítill sem enginn í vaxtaskiptasamningum.

Það er alltaf erfitt að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Krónan hefur átt



verulega undir högg að sækja síðustu vikur og hefur hún ekki verið veikari frá því að flotgengi var tekið upp árið 2001. Það er spá fjárfestingarráðs að hún haldist veik enn um sinn. Það er metið svo að til að krónan taki að styrkjast svo einhverju nemi þurfi ástand á alþjóðamörkuðum að batna. Grundvallarþáttur í þessu samhengi er aðgengi innlendra banka að lánsfjármagni og aukinn trúverugleiki á íslenska hagkerfinu. Hætt er við að ekki greiðist úr alþjóðlegu lánsfjárrættunni fyrr en í fyrsta falli með haustinu eða undir lok þessa árs. Á sama tíma má ætla að Seðlabanki Íslands sé að hefja vaxtalækkunarferli en í ljósi þess hver veik krónan er má búast við því að áhrif lækkandi vaxta á myntina verði minni en ella hefði verið.

Uppbygging á erlendu eignasafni Stafa hélt áfram á síðasta ári en fjárfesting í þeim felur í sér mikla áhættudreifingu fyrir sjóðinn. Vægi erlendra eigna óx úr 18% af eignum í 21% á árinu. Þessi eignaflokkur er færður á markaðsvirði og því ljóst að gengissveiflur hafa töluverð áhrif. Þó er leitast við að draga úr þeim áhrifum með gjaldeyrsvörnum þegar það er talið skynsamlegt.


Gengisvísitala íslensku krónunnar



Erlendir verðbréfamarkaðir

Undirmáslán, lausafjárþurrð og lánsfjárræppa settu mark sitt á síðasta ár á erlendum mörkuðum. Óhætt er að segja að markaðir hafi almennt verið sveiflukenndir eftir því sem nýjar fréttir voru að koma upp á yfirborðið. Alla jafna hækkuðu þó hlutabréf lítillega í heimamynt. Þannig hækkaði S&P500 um 4,2%, Evrópumarkaður um 2,4% og norræn hlutabréf um 9,4%. Það var ekki sama uppi á teningnum í Japan en Nikkei 225 vísitalan lækkaði um 11,1%.

S&P 500 vísitalan





Sjóðfélagalán

Lífeyrissjóðslán eru góður kostur fyrir sjóðfélaga Stafa, enda eru lánskjörin fyllilega samkeppnisfær við það sem býðst best á lánamarkaði. Stjórn sjóðsins hefur nýtt sér breytingu á lögum um lífeyrissjóði og samkvæmt þeim miðast hámark láns við 75% veðhlutfall af fasteignamati, eða verðmati og má sjóðurinn miða við það sem hærra reynist. Stafir lífeyrissjóður er eini lífeyrissjóðurinn sem hefur nýtt sér þessa lagaheimild til fulls. Margir sjóðfélagar hafa nýtt sér að taka lán hjá sjóðnum í stað lána hjá öðrum lánastofnunum og hefur aukningin verið mikil seinni hluta ársins þar sem lánastofnanir hafa nánast lokað fyrir lánveitingar.

Á árinu 2007 voru veitt 234 lán fyrir samtals 1.199 milljónir króna. Meðalfjárhæð var 5,1 milljón króna sem er örlítið aukning frá fyrra ári. Í lok ársins 2007 var fjöldi útistandandi lána 2.319 að upphæð 6.331 milljónir króna. Meðalskuld sjóðfélaga við sjóðinn er því 2,7 milljónir króna.

Um áramót voru 144 lán í vanskilum og námu vanskil samtals 9,7 milljónum króna. Þar af voru vanskil eldri en þriggja mánaða 3,0 milljónir króna vegna 24 lána. Veitt voru tvenns konar lán á árinu, annars vegar lán með föstum vöxtum gegn því skilyrði að það sé á fyrsta veðrétti, hins vegar lán með breytilegum vöxtum. Lánstími er 5-40 ár. Lögum samkvæmt eru sjóðfélagalán Stafa eingöngu veitt gegn veði í fasteignum og mega lán aldrei fara yfir samtölu brunabótamats og lóðamats.

Fjárfestingarstefna

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Með fjárfestingarstefnu er átt við markmið um eignasamsetningu lífeyrissjóðs.

Fjárfestingarstefnu skal ákveða árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 3. grein reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 966/2001 en hún getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetninguna skuli náð. Í fjárfestingarstefnu skulu koma fram þær forsendur sem stjórn lífeyrissjóðsins byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um áhrif lífeyrisbyrði, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamsetningar á fjárfestingarstefnuna.

Lífeyrisbyrði Stafa er um 45% og gera fimm og tíu ára áætlanir ráð fyrir að hún haldist nokkuð stöðug á þeim tíma.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins hefur áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga. Gangi áætlanir hans eftir munu um 50% af ráðstöfunarfé fara í nýfjárfestingar. Meðaltími skuldbindinga sjóðsins er áætlaður um 8,5 ár og er tekið tillit til þeirra við skuldabréfastýringu.

Að teknu tilliti til greiðsluflæðis og meðaltíma skuldbindinga hefur hæfilegt hlutfall hlutabréfa í safninu verið skilgreint um 45%.



Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I			Hámark samkvæmt samþykktum	III		VI	
	Markmið um eigna-samsetningu	II Vikmörk*	Núverandi eigna-samsetning		Gengisbundin verðbréf	IV Vikmörk	V Óskráð verðbréf	VI Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,0%	4,0%	1,5%		0,3%	1,0%	0,0%	
Ríkisvixlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	13,0%	3,0%	12,8%		0,1%	1,0%	0,4%	0,5%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1,0%	0,5%	1,2%		0,0%	0,5%	0,3%	0,5%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5,0%	1,5%	4,9%		0,9%	2,0%	0,6%	0,5%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12,0%	2,0%	12,9%	< 50%	0,0%	0,5%	0,0%	
Hlutabréf	40,0%	6,0%	36,6%		10,4%	20,0%	2,3%	4,0%
Hlutir og hlutdeildarskirteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2,0%	3,0%	1,8%		2,4%	5,0%	0,0%	0,5%
Önnur verðbréf	24,0%	8,0%	26,6%		5,2%	10,0%	2,9%	4,0%
Samtals	100,0%		98,3%		19,3%		6,5%	10,0%

* Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga

Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2007 námu alls 1.735 milljónum króna og jukust um 19,2% frá árinu áður. Helsta ástæða þess að lífeyrir hækkar svo mikið umfram verðlagsbreytingar er sú að lífeyrisgreiðslur úr séreignardeildum sjóðsins hækka um 159% frá fyrra ári eða um rúmar 91 milljón króna. Lífeyrisbyrði, þ.e. lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum, var 43,2% en var 43,3% á árinu 2006. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af hreinni eign voru 2,1% samanborið við 2,0% árið áður.


Alls nutu 3.544 lífeyrisþegar greiðslna úr samtryggingardeild á árinu og fjölgaði þeim um 9,8% frá fyrra ári eða um 205 lífeyrisþega.

Í marsmánuði var fyrirkomulagi lífeyrisgreiðslna breytt hjá lífeyrisþegum sem komu frá Samvinnulífeyrissjóðnum. Í stað þess að greiða lífeyri fyrirfram greiðist hann eftir á. Slæm reynsla var af fyrirframgreiðslu lífeyris auk þess sem samræma þurfti fyrirkomulagið. Fyrrum lífeyrisþegar Lífeyrissjóðsins Lífiðnar höfðu alla tíð fengið lífeyri sinn greiddan eftir á og ótækt var að vera með sitt hvort fyrirkomulagið á greiðslum hjá Stöfum. Nú sitja því allir lífeyrisþegar okkar við sama borð og fá lífeyri greiddan eftir á. Við breytinguna, og aðeins í það eina skipti, liðu tveir mánuðir á milli útborgana. Viðkomandi lífeyrisþegum var boðin aðstoð við aðlögun vegna þessa og þáðu hana nokkrir tugir lífeyrisþega.

Eftirlaunalífeyrir

Greiðslur vegna eftirlaunalífeyris námu 1.081 milljón króna á árinu 2007 og höfðu hækkað um 15,4% á árinu. Eftirlaunalífeyrir er 68,1% af lífeyrisgreiðslum samtryggingardeildar. Í desember sl. voru 2107 einstaklingar farnir að taka eftirlauna-lífeyri og er það tæplega 3% fjölgun frá árinu áður.

Lífeyrisgreiðslur





Örorkulífeyrir

Greiðslur til örorkulífeyrisþega námu alls 263 milljónum króna árið 2007 og hækkuðu um 3,6% frá fyrra ári. Hlutfall örorkulífeyris af greiddum lífeyri árið 2007 var 16,6%. Örorkulífeyrisþegar sjóðsins voru í desember 616 og hafði fækkað um 79 á árinu eða 11,4%. Ástæða þessarar fækkunar er breytt framkvæmd tekjukönnunar.

Með ári hverju eykst ásókn í örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum hér á landi. Einungis góð ávöxtun sjóðanna undanfarin ár hefur komið í veg fyrir að eftirlaunalífeyrisréttur hafi verið skertur vegna aukinna greiðslna til örorkuþega en ljóst er að sjóðfélagar hafa orðið af hækkunum á eftirlaunalífeyri vegna þessa.

Ríkissjóður hefur reynt að koma til móts við þá sjóði er þyngstu byrðar bera í þeim efnum síðastliðin tvö ár en óljóst er um framhald þar á. Nam jöfnunargreiðsla ríkissjóðs til Stafa 34,5 milljónum á árinu. Stafir lífeyrissjóður stendur nokkuð vel að vígi þar sem örorkubyrði er undir meðaltali sjóða hérlendis. Í sjóðnum er margt faglært fólk og hlutfallslega margir karlmenn og sú samsetning stuðlar að því að hlutfall örorkulífeyrisþega er eins lágt og raun ber vitni um.

Í samþykktum lífeyrissjóða eru ákvæði um að örorkulífeyrir skuli aldrei vera hærri en sem nemur sannanlegum tekjumissi sjóðfélaga. Ástæða þótti til að skilgreina frekar tekjur og var hnykkt á því í samþykktarbreytingu á ársfundi 2006 að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins teldust til tekna. Mikill ágreiningur reis um framkvæmd þessa ákvæðis þar sem fyrir lá að greiðslur til örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum yrðu skertar. Í mörgum tilfellum jukust greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna skerðingar hjá sjóðunum og var rætt um fátækrargildru því ef annar aðilinn hækkar þá lækkar hinn. Eftir að framkvæmd tekjukönnunar hafði verið frestað oftast en einu sinni var loks farið að vinna eftir nýja fyrirkomulaginu í nóvember 2007. Ljóst er að örorkugreiðslur Stafa lækka eitthvað í kjölfarið eins og sjá má á fækkun örorkulífeyrisþega á árinu.

Makalífeyrir

Á árinu var greiddur makalífeyrir að upphæð 225 milljónir króna og hækkandi sú upphæð um 16,4% frá fyrra ári. Alls voru 656 einstaklingar á makalífeyri í lok árs 2007. Hlutfall makalífeyris af greiddum lífeyri árið 2007 var 14,2%.

Barnalífeyrir


Greiðslur vegna barnalífeyris námu 17 milljónum króna á árinu. Er það einungis 1% af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðsins.

Séreignardeild

Úr séreignardeild sjóðsins voru greiddar rúmlega 148 milljónir króna á árinu, sem er 159% aukning frá fyrra ári. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um lífeyrissjóði vegna ársins 2005 komu fram sláandi tölur þess efnis að einungis helmingur launþega í landinu nýtti sér viðbótarlífeyrissparnað sem þó er forsenda þess að sjóðfélagar geti við starfslok haldið svipuðum lífstíl og áður þar sem samtryggingarsjóðum er ekki ætlað að tryggja nema 56% af þeim launum sem viðkomandi greiddi af á hverjum tíma.

Tegund	2007 Greiðslur	2006 Greiðslur	Breyting	%
Eftirlaunalífeyrir	1,081.3	936.7	144.6	15.4%
Örorkulífeyrir	263.3	254.2	9.1	3.6%
Makalífeyrir	225.3	193.5	31.8	16.4%
Barnalífeyrir	17.0	13.9	3.1	22.2%
Samtals	1,586.9	1,398.3	188.6	22.2%

Hlutfallsleg skipting lífeyris





Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða Stafa lífeyrissjóðs hefur verið könnuð miðað við lok árs 2007. Stuðst var við lífslíkur Íslendinga byggðar á reynslu árána 2001-2005, sem eru sömu forsendur og við athugun síðasta árs. Örorulíkúkur eru 65% af íslenskum staðalforsendum um örorulíkúkur, sem byggðar eru á meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002. Í síðustu athugun var miðað við örorulíkúkur sem eru 60% af staðalforsendum fyrir sjóðfélaga Lífeyrissjóðsins Lífiðnar við sameiningu og fyrir sjóðfélaga Samvinnulífeyrissjóðsins var miðað 80%. Forsendur sem nú eru notaðar gefa svipaða niðurstöðu fyrir allan sjóðinn. Giftingarlíkúkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Eru þessar forsendur óbreyttar frá því sem var við síðustu tryggingafræðilega athugun.

Reikniforsendur eru því að mestu óbreyttar frá því sem var við síðustu athugun sjóðsins.

